


Áráttan

ÁRSFJÓRÐUNGSLEGT YFIRLIT VATNAMÆLINGA

JÚLÍ - SEPTEMBER 1995




Skýringar



Á kortið eru merktar mælistöðvar og vatnasviðin ofan þeirra. Tölur á vatnasviðunum merkja meðalrennsli ársfjórðungsins í m³/s, litur þeirra sýnir það rennsli sem prósentu af meðalrennsli sama ársfjórðungs hjá viðkomandi mæli árin 1976-1990. (Hjá Kleifarvatni merkir talan meðalvatnshæð ársfjórðungsins í m y.s. og liturinn frávik í cm frá meðalvatnshæð hans 1976-1990).

	> 160 %	(> 150 cm)
	140 - 160 %	(100 - 150 cm)
	120 - 140 %	(50 - 100 cm)
	100 - 120 %	(0 - 50 cm)
	80 - 100 %	(-50 - 0 cm)
	60 - 80 %	(-100 - -50 cm)
	< 60 %	(< -100 cm)

Af þeim takmörkuðu upplýsingum sem hér koma fram, á Íslandskortinu og línuritunum, má fá vísbendingu um að vatnsföll hafi verið í þokkalegu meðallagi sunnanlands og vestan þennan ársfjórðunginn. Jökulsá vestri var hins vegar drjúgt yfir meðallagi og má þakka það mikilli jökulleysingu í ágúst og september, en þeir mánuðir voru á Akureyri til muna hlýrri en meðaltöl þeirra á viðmiðunartímabilinu (1976-1990). Hins vegar var Grímsá í Skriðdal harla vatnsrýr enda þar ekki af leysingarvatninu að taka eftir hlýjan júnímánuð. - En að sjálfsögðu verður í fyrsta lagi unnt að fella einhvern vísindalegan Stóradóm um vatnafar ársfjórðungsins eftir að unnið hefur verið úr gögnum frá tugum annarra mælistöðva.

Sérstaka athygli hlýtur að vekja hversu óvenju vatnsmikil Djúpa í Fljótshverfi var í þetta skiftið og sýna línuritin glöggt að allir mánuðirnir þrír hafa verið langt yfir meðallagi, einkum þó ágúst. Skýringar er öðru fremur að leita í óvenju mikilli jökulleysingu í kjölfar framhlaups í Síðujökli veturinn 1993-1994.







	Meðalr.	Hám.	dag.-kl.	Lágm.	dag.-kl.
Júl	80,7	112	05-07	67,3	23-00
Ágú	89,1	120	10-15	71,8	28-10
Sep	78,7	109	16-21	67,3	07-19

Jafnaður meðalferill er fyrir árabilið 1976-1990

Hvítá, Borgarfirði; Kljáfoss 1995





	Meðalr.	Hám.	dag.-kl.	Lágm.	dag.-kl.
Júl	31,9	46,7	30-21	20,5	22-15
Ágú	57,5	87,0	11-22	36,6	28-11
Sep	31,8	53,8	01-00	15,4	30-24

Jafnaður meðalferill er fyrir árabilið 1976-1990

Jökulsá vestri, Skagafirði; Goðdalabré 1995

- Engin athugasemd
- * Rennsli áætlað vegna íss í farvegi
- á Rennsli áætlað af öðrum ástæðum
- Q Rennslismæling þann daginn
- J Jökulhlaup



Almennar skýringar: Á þessari síðu og þeim sem á eftir koma eru birt gögn frá tveim mælistöðvum. Frá hverri stöð eru sýnd: 1) Súlurit yfir rennsli dag fyrir dag á ársfjórðungnum, 2) súlurit yfir meðalrennsli hvers mánaðar það sem af er árinu og 3) tafla yfir meðalrennsli hvers mánaðar og sömuleiðis hæsta og lægsta augnabliksrennsli mánaðarins og hvenær það átti sér stað. Þá er á súluritin dreginn langtíma meðalferill fyrir tiltekið árabil. Þar hefur reyndar fyrir hvern dag ársins verið tekið tillit til meðalrennslisins 15 næstu daga á undan og eftir, til að fá skýran, jafnan feril, þar sem t.d. eitt einstakt skammtíma stórfióð spillir ekki heildarsvipnum. Litur annar en fagurblár á dagsgildamyndinni og merki framan við mælistölu í töflunni merkir athugasemd af einhverju tagi við rennslið viðkomandi dag og er það skýrt hér til vinstri. Rennslismælikvarðinn á súluritinum er jafnan hafður sá sami hjá sömu mælistöð en komi fyrir að rennslið fari upp fyrir hann er það sýnt í tölum ofan þess. Þess er rétt að geta að rennslið er yfirleitt fundið óbeint út frá vatnshæð vatnsfallsins við mælistöðina, sem oftast er skráð samfellt, en milli vatnshæðar og rennslis á að vera fast samband (sem að vísu er misvel þekkt hjá hinum einstöku stöðvum) svo lengi sem farvegur við og næst fyrir neðan mælistöðina breytist ekki. Algengasta ástæða þess að áætla þarf rennsli er að nefnt samband hefur farið úr skorðum vegna íss í farvegi. Aðrar ástæður eru t.d. tækjabilun í mælistöð. Athugasemdin "Rennslismæling þann daginn" merkir að rennslið hafi þá verið mælt beint. Loks skal bent á að síðasta skýrsla hvers árs hefur örlitla sérstöðu, meðalrennsli og útgildum fyrir árið í heild er þá bætt við neðst í mánaðargildatöfluna.



	Meðalr.	Hám.	dag.-kl.	Lágm.	dag.-kl.
Júl	29,5				
Ágú	8,74				
Sep	3,95				

Jafnaður meðalferill er fyrir árabilið 1976-1990

Grímsá, Skriðdal; Grímsárvirkjun 1995





	Meðalr.	Hám.	dag.-kl.	Lágm.	dag.-kl.
Júl	72,1	J169	26-16	35,2	22-10
Ágú	122	291	20-19	75,7	07-10
Sep	56,7	101	01-00	19,2	30-00

Jafnaður meðalferill er fyrir árabilið 1976-1990

Djúpá, Fljótshverfi; brú 1995



Fróðleiksmolar um fréttabréfið Áráttu: Bréf þetta er gefið út af Vatnamælingum Orkustofnunar og er ætluin að það komi út ársfjórðungslega. Er því í fyrsta lagi ætlað að gefa yfirlit um íslenskt vatnafar á yfirstandandi eða öllu heldur nýafstöðnum tíma, bæði meðaltalstölur og frávik frá þeim, en einnig um vatnafarslega merkisatburði eins og t.d. jökulhlaup og önnur stórfloð. En einnig er hugmyndin að birta ýmsa fróðleiksmola um vatnafræði almennt og vatnamælingar á Íslandi sérstaklega. Bréfið á vonandi erindi við allbreiðan lesendahóp. Má þar nefna til: 1) Alla þá sem tímabundið eða að staðalri vinna að hagnýtum rannsóknum tengdum vatnafari, en þá má nefna opinbera aðila og einkaaðila, sem starfa að virkjanaáætlunum, vega- og brúargerð, fylgjast með fiskigengd í ám eða hreinleika vatns, og marga fleiri. 2) Fjölmíðlafólk, sem lagt gæti það til grundvallar reglulegum fréttaflutningi um vatnafar og að auki létt hinum ósérfróðari upplýsingaöflun ýmiss konar um íslensk vötn, hjá Vatnamælingum eða öðrum. 3) Opinberar eða hálfopinberar stofnanir, eins og rannsóknarstofnanir, skóla og bókasöfn. 4) Margan almennan borgara, kannski náttúraskoðara, stangveiðimann eða áhugamann um landsins gagn og nauðsynjar á breiðum grundvelli. - Markmiðið er að bréfið geti komið út innan mánaðar talið frá þeim mánaðarmótum þar sem síðasta bréfi á undan lauk, þannig ætti næsta fréttablað fyrir sama ársfjórðunginn og hér vonandi að koma út fyrir októberlok 1996. - Við val mælistöðva var hér einkum þrennt haft að leiðarljósi, að sjálfar rennislístölurnar væru sem nákvæmastar, að til væru þökkalega langar og vel samfelldar rennislísaðir og að aðgangur væri greiður að stöðvunum á öllum árstímum. Annars eru Vatnamælingar með yfir 150 stöðvar í samfelldum rekstri og mikill meirihluti þeirra kemur a.m.k. að einhverjum notum við almennar vatnafarsrannsóknir. Þá eru til góðar eða allgóðar rennislísaðir frá fjölmörgum mælistöðvum, ná einstaka þeirra aftur til fimmta áratugarins eða lengra. - Hér í bréfinu hafa gögnin frá Keifarvatni algera sérstöðu, þar er ekki um að ræða rennislístöð, heldur vatnsborðsstöð, og er vatnshæðin kl. 24 sýnd dag fyrir dag allt frá ársbyrjun 1964. Hljóta hinar nokkuð reglubundnu langtímasveifur að vekja athygli, en í ljós hefur komið að þær tengjast náði sveiflum í úrkomu suðvestanlands. (frh. á næstu síðu).



	Meðalr.	Hám. dag.-kl.	Lágm. dag.-kl.
Júl	339	467	04-16
Ágú	451	637	12-23
Sep	303	471	01-00

Jafnaður meðalferill er fyrir árabilið 1976-1990

Hjórsá; Sandafell 1995



	Meðalr.	Hám. dag.-kl.	Lágm. dag.-kl.
Júl	339	409	06-24
Ágú	439	581	22-07
Sep	380	495	22-11

Jafnaður meðalferill er fyrir árabilið 1976-1990

Ölfusá; Selfoss 1995

(frh.) Vatnamælingar reyna eftir getu að leysa úr fyrirspurnum um vatnafar og vatnafræði og einnig að gefa kost á gögnum á tölvutæku formi eða töflu/línuritaformi ef nauðsyn krefur. - Einhverjum, t.d. Vestfirðingum og Þingeyingum, mun kannski þykja landshlutum gert hér nokkuð mishátt undir höfði. En með því að taka með fleiri mælistöðvar verður í framtíðinni leitast við að láta þær endurspegla jafnt vatnsbúskap allra landshluta sem og einnig hegðun einstakra vatnsfallategunda (dragáa, lindáa, jökuláa). Á meðan stærð fréttabréfsins takmarkast af tvíblöðungsforminu yrði þó að nægja að bæta við vatnasviðum og tilheyrandi meðaltölum á Íslandskortið en láta dags- og mánaðargildi viðbótarstöðvanna eiga sig. - Hugmyndin er að að tekið verði áskriftargjald til að standa undir útgáfukostaði, aðallega þá prentkostnaði, því gagnanna þarf að afla hvort eð er, og frágang bréfsins til fjölfjöldunar má að mestu framkvæma með örfáum tölvuskipunum jafnskjótt og gögnin eru komin í gagnabanka sem dagsgildi og mánaðarútgildi. Annars er enn fátt harðakveðið hvað efni og útlit varðar og gott að fá að kynnast skoðun lesanda. Eins þurfa áskrifendur ekki að vera feimnir við að koma til okkar sínum athugasemdum ef þeir rekast einhvern tímann á stórgrunnsamlegar tölur eða súlur í bréfinu. Við myndum þá kanna málin, enda vel þess meðvitandi að lengi getur mönnum orðið eitthvað á við gagnavinnslu og að lengi getur leynst lúmsk villa í skýrslugerðarforriti.